

20. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 4. mgr. 3. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 47/2003, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 30. júlí 2004.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 680/1999 um ráðstafanir
til að stuðla að bættu öryggi og heilsu flugverja.**

1. gr.

Núverandi 14. gr. reglugerðarinnar fellur niður og í staðin kemur ný svohljóðandi grein:

Heilbrigðisskoðun, heilsuvernd.

Flugverjar eiga rétt á ókeypis heilbrigðisskoðun við ráðningu og með reglulegu millibili þaðan í frá. Eftirlitið má fara fram innan ramma heilbrigðiskerfisins. Flugverjar, sem eiga við heilsufarsvandamál að stríða sem ljóst er að rekja má til þess að þeir vinna einnig næturvinnu, verða færðir til þegar kostur er, í dagvinnustörf í lofti eða á jörðu sem henta þeim.

Flugverjar skulu njóta öryggis og heilsuverndar í samræmi við starf sitt og tryggja ber að litið sé eftir heilsu þeirra í samræmi við áhættuna sem starfið felur í sér.

Fullnægjandi verndar- og forvarnarþjónusta eða aðstaða, sem þjónar slíkum tilgangi, skal ávallt vera fyrir hendi vegna öryggis og heilsu þeirra.

2. gr.

Við reglugerðina bætist svohljóðandi ný grein sem verður 15. gr. Aðrar greinar breytast til samræmis.

Vinnumynstur.

Gerðar verða nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að vinnuveitandi, sem hyggst skipuleggja vinnu eftir ákveðnu mynstri, taki tillit til þeirrar almennu meginreglu að aðlaga vinnuna starfsmanninum.

3. gr.

Innleiðing.

Með reglugerð þessari er verið að innleiða 4.–6. gr. viðauka við tilskipun Evrópusambandsins nr. 2000/79/EB frá 27. nóvember árið 2000 um Evrópusamning um skipulag á vinnutíma farstarfsmanna í almenningsflugi sem gerður var milli Evrópusambands flugfélaga (AEA), Sambands félaga flutningaverkamanna í Evrópu (ETF), Evrópska fluglíðasambands-

ins (ECA), Samtaka evrópskra svæðisflugfélaga (ERA) og Alþjóðasamtaka flutningaflugfélaga (IACA), sbr. ákvörðun EES-nefndarinnar um breytingu á XVIII viðauka við EES samninginn nr. 120/2001, sem birtist í EES-viðbæti nr. 60 þann 6. desember 2001, bls 33.

4. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 145. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 og öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 26. júlí 2004.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag fyrir „Bessahraun 1–15“ í Vestmannaeyjum.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Vestmannaeyja þann 30. júní 2004 tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Bessahraun 1-15 í Vestmannaeyjum.

Deiliskipulagið hefur fengið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 með síðari breytingum, mæla fyrir um.

Framangreint deiliskipulag, tekur þegar gildi.

Vestmannaeyjum, 9. ágúst 2004.

Sigurður Smári Benónýsson,

skipulags- og byggingarfulltrúi Vestmannaeyja.

REGLUGERÐ

um vinnu- og hvíldartíma skipverja á farþegaskipum og flutningaskipum.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Tilgangur.

Tilgangur reglugerðarinnar er að bæta öryggi til sjós, vinnuskilyrði og heilbrigði og öryggi skipverja á íslenskum farþegaskipum og flutningaskipum og erlendum farþegaskipum og flutningaskipum sem fara um íslenskar hafnir.